

Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 23. júlímán.

Nr. 12/1883.

Landshöfðinginn fyrir
hönd landssjóðsins
gegn
Þorgrími hjeraðslækni
Johnsen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hinum stefnda, Þorgrími lækni Johnsen, gegn áfrýjandanum, landshöfðingjanum yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins, út af því, að hinn stefndi telur sjer vangoldið í embættislaun sín úr landssjóði sem hjeraðslækni í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum fyrir tímabilið frá 1. september 1878 til 30. september 1882, samtals 1190 krónur, og eru málavextir þannig:

Hinn 20. febrúar 1874 auglýsti dómsmálastjórnin, að embættið sem hjeraðslæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum væri laust, og að laun þessa embættis væru 600 rd. á ári, er hækkðu um 100 rd. fyrir hverra þriggja ára þjónustu þangað til að þau væru orðin 1000 rd., og launauppbót eptir lögum 26. marz 1870, sem og notkun embættisjarðar. Með þessum launakjörum var embætti þetta með konungsúrskurði 14. apríl 1874 veitt hinum stefnda, sem þá var hjeraðslæknir í eystra læknishjeraði suðuramtsins, og með því að embættisaldur hans var talinn frá því að hann fyrst var skipaður hjeraðslæknir 5. ágúst 1869, sem staðfest er með fjár-

lögnum fyrir árin 1876 og 1877, fjekk hann fyrstu launaviðbót 1. septbr. 1872 og aðra launaviðbót 1. septbr. 1875, en aptur á móti var honum synjað um hina þriðju launaviðbót 1. septbr. 1878 og hina fjórðu og síðustu launaviðbót 1. septbr. 1881 fyrir þá sök, að hann samkvæmt 3. gr. í lögum um aðra skipun á læknaþjeruðunum á Íslandi, og ll. 15. október 1875 ekki ætti tilkall til hærri launa en hann hafði þá, er lögin öðluðust gildi. Með því að hinn stefndi ekki vildi una þessum úrslitum, gjörði hann ýmsar tilraunir við stjórnina og alþingi til að fá þeim breytt, en er það varð árangurslaust, fjekk hann leyfi hjá ráðherraum til að fá málið útkljáð með málssókn gegn landshöfðingjanum fyrir hönd landssjóðsins, og fjell dómur í því máli á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 22. febr. þ. á. með þeim úrslitum, að landshöfðinginn skyldi fyrir hönd landssjóðsins greiða hinum stefnda 1190 kr. með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi og að auki 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur landshöfðinginn áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 12. marz þ. á., og krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu, en hinn stefndi hefur krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Eins og að framan er sagt, er hinum stefnda 14. apríl 1874 veitt af konungi, sem þá hafði einn öll fjárráð landsins, embætti það, er hann nú þjónar,

meðal annars með þeim kjörum, að hann skyldi fá 200 kr. viðbót við hin upphaflegu laun sín fyrir hverra 3ja ára embættisþjónustu, þangað til launin væru orðin 2000 kr., og að auki launauppbót eptir lögum 26. marz 1870, og með því að hann hafði verið skipaður í hjeraðslæknis embætti 5. ágúst 1869, ber að reikna embættisaldur hans, að því er kemur til launabóta eptir aldri, frá 1. september s. á., eins og líka hefur verið viðurkennt af stjórninni með útborgun launa hans eptir að hann var skipaður í embætti sitt, sem nú er, og seinna af lög-gjafarvaldinu með fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877. Það virðist þannig enginn vafi geta verið á, að hinn stefndi með embættis veitingu sinni hafi öðlast lögmætt tilkall til launaviðbóta þeirra, er hann fer fram á undir þessu máli, en að hann hafi verið sviptur þessu tilkalli með ofan nefndum lögum um lækna-skipun 15. okt. 1875, 3. gr., eins og áfrýjandinn vill halda fram, fær yfirdómurinn ekki sjöð, því að grein þessi segir aðeins, að um launakjör þeirra hjerads-lækna, sem höfðu hærri laun, þegar lögin öðluðust gildi, en lögin ákváðu handa embættum þeirra, skyldi fara eptir hinum almennu launalögum, dag-settum sama dag, I. 7 gr., en lagagrein sú, sem nú var nefnd, segir einmitt, að þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum hefðu aðgang til að fá hærri embættislaun, en lögin ákvæðu, skyldu einskis í missa við þau, og með því að hinn stefndi með eldri ákvörðun, þ. e. konungsúrskurði 14. apríl 1874, hafði öðlast aðgang til hærri embættislauna, en lækna-lögin ákváðu handa embætti hans, sviptu þau hann ekki þessum aðgangi.

Yfirdómurinn verður þannig að aðhyllast þá skoðun undirdómarans, að hinum stefnda hafi verið vangoldið í embættislaun úr landssjóði fyrir tímabilið frá 1. septbr. 1878 til 1. septbr. 1882 samtals 1190 kr., og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn bæði að því er snertir sakarefnið og ákvæði dómsins um málskostnað í hjeraði. — Eptir þessum úrslitum málsins ber áfrýjandanum einnig að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metinn 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa.

Áfrýjandinn, landshöfðinginn fyrir hönd landssjóðsins, greiði hinum stefnda, Þorgrími hjeraðslækni Johnsen, málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Mánudaginn 30. júlímán.

Nr 23/1883

Rjettvísinn

gegn

Inggjaldi Guðbrandssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 10. dag aprílmánaðar þ. á., var hinn ákærði, Inggjaldur Guðbrandsson, dæmdur fyrir þjófnað á 2 pundum af ofanaftekinni vorull til fangelsis við vatn og brauð í 5 daga, og til að lúka öllum af varðhaldi sínu og málinu löglega leiðandi